



Fræðslunefndarfundur 28. ágúst 2012

Fundarmenn:

Gunnar Þór Jóhannesson, Halldóra Halldórsdóttir, Inga Jóna Hjaltadóttir, Arnheiður S Þorvaldsdóttir, Helgi Jóhannesson . Bozena Josefik boðaði forföll.

1. Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Leikskólinn var heilmikið lagfærður í sumarfríinu, þakið tekið upp og handvömm byggingaverktaka lagfærðar og leikskólinn er nánast hættur að leka☺. Vantar að ganga frá listum og setja réttar rúður í turninn.
- ❖ Upp komst um margra ára leka í gólfhitakerfi í Hrunakrók og var lögð ný lög með tilheyrandi ryki og braski.
- ❖ Ágúst fer ágætlega af stað, þó erum við farnar að bíða óþreyjufullar eftir að Hrunakrókurinn verði dúkalagður, þrengslin á deildunum farin að segja töluvert til sín.
- ❖ Ágúst hefur farið í aðlögun nýrra barna, þrif og endurskipulagningu.
- ❖ Tvö ný börn byrjuðu nú í ágúst og byrjar þrjú í september og tvö í október, það fjölgar í leikskólanum okkar um tvö börn frá síðasta vetri og verða börnin í leikskólanum 37 fram að áramótum.
- ❖ Send voru bréf til foreldra sem eiga börn fædd í okt. nóv. og des. 2011. Og spurt var hvort þau hefðu hug á að nýta sér leikskólaláss frá áramótum. Sjö bréf voru send og hafa nú þegar fimm umsóknir borist.

- ❖ Rifsberjaleiðangrar voru farnir í síðustu viku, börnin á Skógarkoti gengu út að Seli og týndu á golfvöllinum, Heiðarkotsbörnin gengu til Ellu og Júlla og týndu í garðinum þeirra og Móakotsbörnin fóru til Önnu og Helga og týndu hjá þeim. Öllum var boðið uppá hressingu á staðnum. Í framhaldi tóku börnin þátt í sultugerð úr uppskerunni og fóru með rifsberjasultu heim fyrir fjölskylduna.
- ❖ Við fengum heimboð frá Dýragarðinum Slakka og skelltum okkur á mánudaginn. Okkur var boðið endurgjaldslaust og okkur var síðan boðið uppá grillaðar pylsur, svala og ís.
- ❖ Smá hugleiðing varðandi túlkapjónustu. Væri ekki gott að sveitafélagið setti sér reglur varðandi túlkapjónustu. Eiga erlendir foreldrar fá túlk eftir 10 ára búsetu á Íslandi?

Skýrslan rædd, formanni falið að kanna hvort fordæmi er fyrir reglum varðandi túlkapjónustu og hvort mögulegt er að setja einhverjar viðmiðunarreglur.

2. Ráðning starfsmanns vegna vegna stuðnings við fatlað barn. Fræðslunefnd samþykkir að ráðinn verði starfskraftur í 55 % starfshlutfall inn á deild.
3. Önnur mál. Engin önnur mál á dagskrá.